

## REGLUGERÐ KSÍ um aðgönguskírteini

### 1. gr.

#### *Gerðir skírteina*

- 1.1. Knattspyrnusamband Íslands gefur út eftirfarandi aðgönguskírteini, sem heimila ókeypis aðgang að knattspyrnuleikjum sem hér segir:

Aðgönguskírteini A, sem gildir á alla leiki í mótum á vegum KSÍ og landsleiki KSÍ innanlands.

Aðgönguskírteini DE, sem gildir á alla leiki í mótum á vegum KSÍ og landsleiki KSÍ innanlands.

Aðgönguskírteini PD, sem gildir á leiki í Pepsi Max deild karla.

Aðgönguskírteini 1D, sem gildir á leiki í 1. deild karla.

Aðgönguskírteini 2D, sem gildir á leiki í 2. deild karla.

Aðgönguskírteini 3D, sem gildir á leiki í 3. deild karla.

Aðgönguskírteini KV, sem gildir á leiki í Pepsi Max deild kvenna.

Aðgönguskírteini 1KV, sem gildir á leiki í 1. deild kvenna.

Aðgönguskírteini F, sem gildir á alla leiki aðra en landsleiki

- 1.2. Knattspyrnusambandið skal halda skrá yfir útgefin aðgönguskírteini og skal hún aðgengileg aðildarfélögum.

- 1.3. Réttthafar skírteina skulu sækja aðgöngumiða í hvert sinn í gegnum smáforrit (app).

### 2. gr.

#### *Réttthafar skírteina*

- 2.1. Aðgönguskírteini A skal gefið út til formanna knattspyrnudeilda sem taka þátt í landsdeildum, stjórnar KSÍ og annarra aðila skv. ákvörðun knattspyrnusambandsins, alls að hámarki 200 skírteini.

- 2.2. Aðgönguskírteini DE skal jafnframt gefið út til eftirlitsmanna, lands-, héraðs- og unglingadómarara, sem luku a.m.k. 15 störfum árið áður eða 20 störfum á undangengnum tveimur árum. Unglingadómarar á fyrsta starfsári skulu þó fá aðgönguskírteini DE að loknum 10 störfum.

- 2.3. Aðgönguskírteini sem gilda einungis á deildaleiki skal gefið út til leikmanna, starfsmanna og stjórnarmanna hvers félags, alls 55 skírteini á félag á leiki í viðkomandi deild.

- 2.4. Aðgönguskírteini F skal gefið út til fulltrúa fjölmiðla að fenginni umsögn frá Samtökum Íþróttafréttamanna í samræmi við nánari reglur þar um.

### 3. gr.

#### *Notkun skírteina*

- 3.1. Aðgönguskírteini gildir aðeins fyrir réttthafa þess. Aðeins skal gefa út eitt aðgönguskírteini á einstakling.

- 3.2. Misnotkun skírteinis getur haft í för með sér innköllun á því. Óheimilt er að gefa út önnur aðgönguskírteini, sem gilda um allt land, en um er getið í þessari reglugerð.

*4.gr.  
Útgáfa*

- 4.1 Skrifstofa KSÍ annast útgáfu aðgönguskírteina í umboði KSÍ. Öll skírteini eru gefin út í gegnum smáforrit (app).
- 4.2 Skrifstofa KSÍ skal halda skrá yfir handhafa skírteina og birta aðildarfélögum upplýsingar um fjölda útgefinna skírteina sé þess óskað.
- 4.3 Framkvæmdastjórar ÍTF og KSÍ hafa eftirlit með útgáfu skírteina skv. 4. gr.

*5.gr.  
Gildistaka*

- 5.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein.

**Ákvæði til bráðabirgða 2020**

- 5.2. *Á meðan í gildi eru fjöldatakmarkanir sem miða við færri en 500 (fimm hundruð) áhorfendur á hverju svæði/rými gilda aðgönguskírteini sem gefin eru út vegna keppnistímabilsins 2020 ekki og heimila því ekki endurgjaldslausan aðgang að knattspyrnuleikjum.*

*Samþykkt af stjórn KSÍ 13. ágúst 2020*